

## **Samkomulag um aukna byggðafestu á Suðureyri**

Eftirtaldir aðilar gera með sér samning um samstarf við nýtingu 500 þorskigildistonna aflamarki árlega fiskveiðíárin 2018/2019, 2019/2020, 2020/2021, 2021/2022, 2022/2023 og 2023/2024 auk mótfamlaga samstarfsaðila Byggðastofnunar samkvæmt grein 4 og fylgiskjali með samningi þessum, í því skyni að treysta byggðafestu á Suðureyri. Samningur þessi gerður á grundvelli reglugerðar 643/2016, umsóknar útgerðar- og fiskvinnsluaðila á Suðureyri dags 8. mars 2018 og samþykktar stjórnar Byggðastofnunar 25. maí 2018.

Aðilar að samningi þessum eru:

- Byggðastofnun kt.450679-0389, Ártorgi 1, Sauðárkróki
- Fiskvinnslan Íslandssaga hf. kt.481299-3069, Freyjugötu 2, Suðureyri
- Norðureyri ehf. kt.541103-2280, Freyjugötu 2, Suðureyri
- Flugalda ehf. kt.450195-2439, Hjallavegi 14, Ísafirði
- EA-30 ehf. kt.701111-0440, Aðalgötu 59, Suðureyri
- Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf. kt.630169-2249. Hnífsdalsbryggju, Hnífsdal
- Klofningur ehf. kt.470197-2349, Aðalgötu 59, Suðureyri
- Vestfiskur ehf. kt.691093-2209, Freyjugötu 2, 430 Suðureyri

1.

Meginmarkmið samnings þess er að auka byggðafestu á Suðureyri. Í því skyni stefna samningsaðilar að stöðugri heilsárs fiskvinnslu, að skapa og viðhalda sem flestum heilsársstörfum fyrir karla og konur við veiðar, vinnslu og afleidda starfsemi á Suðureyri.

2.

Samningurinn gildir fyrir fiskveiðíárin 2018/2019, 2019/2020, 2020/2021, 2021/2022, 2022/2023 og 2023/2024 með fyrirvara um endurskoðun við upphaf hvers fiskveiðíárs þar sem lagt verður mat á hvort markmið samningsins og árangursviðmið umsóknarinnar sem samningurinn byggir á hafi gengið eftir. Úthlutun vegna nýs fiskveiðíárs hefst ekki fyrr en staðið hefur verið skuldbindingar næsta fiskveiðíárs á undan. Samningurinn er einnig gerður með fyrirvara um það magn sem atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið úthlutar til Aflamarks Byggðastofnunar ár hvert.

3.

Fiskvinnslan Íslandssaga hf. mun reka bolfiskvinnslu og mun Klofningur ehf. taka við aukaafurðum til áframvinnslu. Norðureyri ehf., Flugalda ehf., EA-30 ehf. og Hraðfrystihúsið – Gunnvör hf. veiða bolfisk inn í vinnsluna sbr.umsókn félaganna Gert er ráð fyrir því á samningstímanum að vinnslulínu fyrir laxfisk verði komið upp í fiskvinnslu Fiskvinnslunnar

GAE · AF · AP · VES

Íslandssögu hf. Samningsaðilar skuldbinda sig til að skapa og viðhalda á samningstímanum þeim starfafjölda sem tilgreindur er í umsókn félaganna dags. 8. mars 2018.

4.

Byggðastofnun leggur til 500 þorskígildistonna aflamark af Aflamarki Byggðastofnunar árlega á gildistíma samningsins. Samningsaðilar skuldbinda sig til þess að vinna að minnsta kosti 3.000 tonn af bolfiski ár hvert.

5.

Framsal aflamarks sem úthlutað er samkvæmt samningi þessum er óheimilt, en þó skulu heimil jöfn skipti á aflamarki í þorskígildum talið.

6.

Verði þær breytingar á högum samstarfsaðila að þeir geti ekki uppfyllt ákvæði samningsins skal tilkynna það til Byggðastofnunar eins fljótt og auðið er.

7.

Byggðastofnun er heimilt að afturkalla úthlutun aflamarks samkvæmt samningi þessum hafi ákvæði hans og/eða reglugerðarinnar verið brotin sbr.9.grein reglugerðarinnar. Séu brotin alvarlegs eðlis er Byggðastofnun heimilt að rifta samningi þessum einhliða. Sé úthlutað aflamark nýtt á óheimilan hátt samkvæmt samningi þessum eða reglugerð skal útgerðaraðili skila aflamarki aftur til Byggðastofnunar.

8.

Byggðastofnun er heimilt að birta samning þennan á heimasíðu sinni.

Fylgiskjöl með samningi þessum eru:

1. Umsókn um aflamark Byggðastofnunar dags. 8. mars 2018.
2. Samkomulag vinnslu og útgerðaraðila á Suðureyri með nánari útfærslu á skiptingu aflamarks á milli aðila og verðlagningu dags. 26. október 2018

GG  
GAEÐU  
PES

Suðureyri 26. Október 2018




Byggðastofnunar


f.h. Byggðastofnunar



f.h. Fiskvinnslunnar Íslandssögu hf.



f.h. Norðureyri ehf.




f.h. Flugöldu ehf.




f.h. EA-30 ehf.



f.h. Hraðfrystihúsið – Gunnvör hf.




f.h. Klofnings ehf.



f.h. Vestfisks ehf.

Vottar að undirskrift (nafn og kt.)

Elisabet Margrét Jónsdóttir 22678-529



08/06/2018